

Nr. 20.
5. okt.

Lög

um

dýrtíðar- og gróðaskatt.

Vjer Christian hinn Tiundi, af Guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Låenberg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samykki Voru.

1. gr.

Þeir, sem hafa yfir 35000 kr. árstekjur, skulu, auk tekjuskatts þess, er ræðir um í lögum nr. 23, 14. des. 1877, og lögum nr. 54, 26. okt. 1917, greiða dýrtíðar- og gróðaskatt eins og hjer segir:

Af tekjum frá 35000 kr. að 40000 kr.	$3\frac{1}{4}\%$
— — — 40000 — — 45000	4%
— — — 45000 — — 50000	$4\frac{1}{2}\%$

og síðan eykst skatturinn um $\frac{1}{2}$ af hundraði á hverjum 5 þúsundum, uns hann er orðinn 10 af hundraði, sem greiðist af tekjum, er nema 100000 kr. eða meiru.

Skattur telst eigi af minna en heilu hundraði.

2. gr.

Um ákvörðun teknanna, skattskrár, skattskyldu, kærur yfir skatti og viðurlög við rangri skýrslu um tekjur, fer eftir ákæðum laga þeirra, sem getur um í 1. gr.

3. gr.

Skatt samkvæmt lögum þessum ber sýslumönnum og bæjarfógetum að innheimta á manntalsþingum, í fyrsta sinn 1919 af tekjum ársins 1917, og fer um reikningsskil eins og stjórnarráðið ákveður.

4. gr.

Lög þessi gilda til ársloka 1921.

Eftir þessu eiga allir hlúðaðeigendur sér að hegða:

Gefið á Sorgenfrihöll 5. október 1918.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S)

Sigurður Eggerz.